

Dómsorð:

Aðalstefndi, Eiríkur Valdimarsson, greiði aðalstefnanda, Huldu Sigurðardóttur, kr. 566.854 með 13% ársvöxtum af 50.989 frá 15. ágúst 1975 til 15. ágúst 1976, af kr. 303.864 frá þeim degi til greiðsludags. Aðalstefndi gefi út skuldabréf að fjárhæð kr. 1.770.125 til 7 ára, tryggt með veði í neðri hæð fasteignarinnar Hjarðarholti 7, Akranesi, næst á eftir áhvílandi veðlánnum og kr. 400.000 láni hjá Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1977. Vextir af veðskuldabréfinu verði 13% ársvextir frá 15. ágúst 1976 og greiðist eftir á í sömu gjalddögum og afborganir. Aðalstefndi greiði aðalstefnanda í málskostnað kr. 115.000.

Gagnstefndi, Hulda Sigurðardóttir, greiði gagnstefnanda, Eiríki Valdimarssyni, kr. 150.000 með 13% ársvöxtum frá 6. júní 1975 til greiðsludags og í málskostnað kr. 55.000.

Allar greiðslur og skyldur samkvæmt dómi þessum fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. mars 1979.

Nr. 52/1979. **Brendon Carr Whitehead**

gegn

Gylfa Guðmundssyni.

Kærumál. Ömerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í g lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1979, sem barst Hæstarétti 15. mars þ. á. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá lund, að sóknaraðilja verði heimilað að setja hina úrskurðuðu máls-

kostnaðartryggingu „í formi sjálfsskuldarábyrgðar Valdimars J. Magnússonar framkvæmdastjóra, Garðaflöt 31, Garðabæ, sem er reiðubúinn til að taka á sig þá ábyrgð“.

Varnaraðili, sem ekki hefur sérstaklega kært úrskurðinu af sinni hálfu, krefst þess í greinargerð til Hæstaréttar, dags. 6. mars 1979, að sóknaraðilja verði gert að setja málskostnaðartryggingu, er nemi 2.000.000 króna eða til vara annarri lægri fjárhæð, „í formi ábyrgðar viðurkenndrar bankastofnunar eða innistæðu í sparisjóðsbók“. Hann krefst og kærur málskostnaðar.

Er mál þetta var þingfest í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur 26. janúar 1979, varð ágreiningur með aðiljum um skyldu sóknaraðilja til að setja málskostnaðartryggingu. Dómsformaðurinn, Sigríður Ólafsdóttir, aðalfulltrúi yfirborgardómara, tók málið eigi til úrskurðar í því þinghaldi, en frestaði því til 2. febrúar sl. Tók þá Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómara, málið fyrir, en frestaði því að beiðni lögmannna aðilja til 7. febrúar. Var þá málið enn tekið fyrir, og nú af síðastgreindum dómsformanni og meðdómandanum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra. Er skráð í þingbók, að meðdómandinn Ægir Ólafsson hafi boðað forföll, en dómsformaður hafi ákveðið að halda þingið eigi að síður. Fór því næst fram munnlegur málflutningur um ágreining aðilja, en að því búnu var málið tekið til úrskurðar. Hinn kærði úrskurður var síðan kveðinn upp hinn 9. febrúar af dómsformanninum og þeim meðdómanda, sem á málflutning hlýddi, svo og af meðdómandanum Ægi Ólafssyni.

Framangreind málsmeðferð er andstæð 205. gr. laga nr. 85/1936 og meginreglu 192. gr. sömu laga. Verður því að ómerkja hinn kærða úrskurð sjálfkrafa og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og er mál-

inu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 9. febrúar 1979.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar miðvikudaginn 7. febr. sl., hefur Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður f. h. Brendon Carr Whitehead, Jóhannesarborg, Suður-Afríku, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri föstudaginn 29. desember 1978, gegn Gylfa S. Guðmundssyni veitingamanni, Bárugötu 11, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 5.000.000 ásamt vöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði, sem nemur 1.5% frá 17. maí 1974 til 15. júlí s. á., 2% frá þeim degi til 1. maí 1976, 2.5% frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og 3% frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins, eigi lægri en samkv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst stefnandi þess einnig, að hin umstefnda skuld ásamt vöxtum verði greidd í réttu hlutfalli við breytingar á sölugengi bandaríkjadollars gagnvart íslensku krónunni samkv. skráningu Seðlabanka Íslands frá 17. maí 1974 (gengi þá \$ 1.00 : kr. 93.20) til þess, sem er á greiðsludegi.

II.

Í sem skemmstu máli er skuld þessi til komin vegna afrískra listaverka, sem flutt voru til Íslands á vegum stefnanda og stefnda til sýningar og sölu á Íslandi, og var haldin um þau sýning á Kjarvalsstöðum í Reykjavík, dagana 11. apríl — 5. maí þ. á. Nemur skuldin, að því er stefnandi heldur fram í stefnu, ógreiddum helmingshluta stefnda af andvirði verkanna, sem sé innkaupsverð þeirra til landsins eftir því sem samningar stefnanda og stefnda hafi staðið til um. Stefnandi segir fjárhæð skuldarinnar áætlaða að hluta, en það sé óhjákvæmilegt fyrir þá sök, að stefnandi hafi ekki fengið heildaruppgjör og greinargerð frá stefnda um ráðstöfun listaverkanna og andvirðis þeirra. Í stefnu áskilur stefnandi sér rétt til að gera sérstaka kröfu um slíkt uppgjör, eftir því sem við eigi, svo og til að lækka stefnukröfurnar. Þrátt fyrir eftirgangsmuni af hálfu stefnanda hafi stefndi

ekki fengist til þess að gera skil gagnvart stefnanda og því hafi verið nauðsyn á málshöfðun.

III.

Er mál þetta var þingfest í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur hinn 26. janúar 1979, kom fram krafa af hálfu stefnda um það, að stefnanda yrði gert skylt að setja málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 2.000.000. Lögmaður stefnanda mótmælti á þingfestingardegi því, að honum væri skylt að setja málskostnaðartryggingu, svo og þeirri fjárhæð, er stefndi gerði kröfu um. Var lögmönnum aðilja gefinn kostur á að tjá sig um ágreiningsefnið hinn 7. febrúar 1979 og málið því næst tekið til úrskurðar um framkomna kröfu.

IV.

Stefndi styður kröfu sína við 183. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að höfði erlendis búsettur maður mál fyrir íslenskum dómstóli, þá geti stefndi gert þá kröfu á þingfestingardegi, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltaki. Undantekningarákvæðið í 2. mgr. 183. gr. eigi ekki við í þessu tilviki, þar sem Suður-Afríka, heimaland stefnanda, sé ekki aðili að alþjóðasamningi um einkamálaréttarákvæði nr. 9 frá 17. júlí 1905. Beri stefnanda því að setja fram tryggingu þessa, ef þess sé krafist, samkv. skýlausu ákvæði áðurnefndrar lagagreinar.

Eins og fyrr segir, hefur stefnandi alfarið mótmælt því, að honum beri að setja málskostnaðartryggingu í máli þessu, þar sem hennar sé engin nauðsyn. Ef dómurinn líti hins vegar svo á, að málskostnaðartryggingu beri að setja, þá bauð hann fram persónulega ábyrgð Valdimars J. Magnússonar framkvæmdastjóra, Garðafloð 31, Garðabæ, sem hann kvað vera valinkunnan sæmdarmann. Þá hefur stefnandi sérstaklega bent á, að umkrafin tryggingarfjárhæð sé óraunhæf og allt of há, vegna þess m. a., að stefnufjárhæðin sé sumpart áætluð, eins og fram komi í stefnu, þar sem ekki hafi tekist að afla réttra upplýsinga um skuldaskil aðilja, en það stafi af tregðu stefnda til þess að gefa nauðsynlegar upplýsingar.

Lögmaður stefnda hefur alfarið mótmælt því, að framboðin trygging af hálfu lögmanns stefnanda, þ. e. persónuleg ábyrgð Valdimars J. Magnússonar, sé nægjanleg trygging, sbr. 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936. Að því er upphæð tryggingarkröfunnar

varðar, þá telur hann það hlutverk stefnanda, en ekki stefnda, að rökstyðja stefnukröfur, og því sé krafa hans um málskostnaðartryggingu í samræmi við stefnufjárhæð málsins. Hefur hann krafist þess, að stefnanda verði skylt að setja tryggingu, annað hvort í formi bankaábyrgðar eða bankainnstæðu.

V.

Álit dómsins.

Samkv. 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 getur stefndi í máli, þegar erlendis búsettur maður er málshöfðandi, gert þá kröfu á þingfestingardeg, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan tíma, sem dómari tiltekur. Undantekning frá þessari afdráttarlausu skyldu er gerð í 2. mgr. 183. gr., þegar svo hagar til, að menn búsettir á Íslandi eru undanþegnir því að setja sams konar tryggingu í heimalandi stefnanda, þá skal stefnandi einnig vera undanþeginn því hér á landi.

Vegna hins afdráttarlausu ákvæðis í 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 um skyldu til þess að setja málskostnaðartryggingu, sé hennar krafist, og með því að heimaland stefnanda er ekki aðili að áðurnefndum alþjóðasamningi um einkamálaréttarákvæði nr. 9 frá 17. júlí 1905, og stefnandi hefur ekki sýnt fram á með öðrum hætti, að menn búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja málskostnaðartryggingu í heimalandi stefnanda, þykir mega fallast á það sjónarmið stefnda í máli þessu, að stefnanda beri að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

Að því er eðli tryggingarinnar varðar, þá hefur stefnandi boðið fram persónulega ábyrgð Valdimars J. Magnússonar framkvæmdastjóra. Stefndi hefur hins vegar alfarið mótmælt því að taka slíka tryggingu gilda og krefst þess, að stefnanda verði skylt að setja tryggingu, annað hvort í formi bankainnstæðu eða bankaábyrgðar. Ákvæði 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 miðar að því að gera það auðvelt fyrir innlendan aðilja að ná inn málskostnaði hjá erlendum aðilja, sem ekki greiðir hann fúslega. Þegar þetta er virt, þykir rétt, að tryggingin verði sett annað hvort í formi bankaábyrgðar eða innstæðu í sparisjóðsbók.

Fjárhæð málskostnaðartryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin kr. 850.000, og ber stefnanda að afhenda í réttinum annað hvort yfirlýsingu viðurkenndrar bankastofnunar um ábyrgð á greiðslu málskostnaðar í máli þessu eða sparisjóðsbók sem skilríki fyrir innstæðunni, ekki síðar en 23. febr. nk., er mál þetta verður aftur tekið fyrir á reglulegu þingi í sjó- og verslunardómi.

Krafa um málskostnað fyrir þennan þátt málsins sérstaklega kom ekki fram.

Úrskurð þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, ásamt meðdómsmönnum þeim Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Ægi Ólafssyni kaupmanni.

Prvi úrskurdast:

Stefnandi, Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður f. h. Brendon Carr Whitehead, Jóhannesarborg, Suður-Afríku, setji 850.000 kr. tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar stefnda, Gylfa S. Guðmundssonar, annað hvort í formi ábyrgðar viðurkenndrar bankastofnunar eða innstæðu í sparisjóðsbók, og skal fullnægjandi skjal um trygginguna afhent í síðasta lagi, er mál þetta verður tekið fyrir að nýju á reglulegu þingi sjó- og verslunardómsins hinn 23. febrúar 1979.

Þriðjudaginn 27. mars 1979.

Nr. 160/1977. **Arni Jónsson**
 (Gunnar Sæmundsson hdl.)
 gegn
Energoprojekt
 (Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 743.216 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1976 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.